

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag verslunar- og íbúðarsvæðis í landi Skútustaða II í Mývatnssveit.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. maí 2013 deiliskipulag verslunar- og íbúðarsvæðis í landi Skútustaða II í Mývatnssveit.

Deiliskipulagið nær til u.þ.b. 1,15 ha svæðis sem skilgreint er sem 203-Íb./V í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Gert er ráð fyrir fjórum lóðum/byggingarreitum á skipulagssvæðinu. Á norðurhluta svæðisins eru nú þegar eitt íbúðarhús og gistiskálar. Suðurhluti svæðisins er óbyggður, en þar er áætlað að bæta við smáhýsum og íbúðarhúsi/húsum með þjónustuaðstöðu.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 22. júlí 2013.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. ágúst 2013